

Reykjavík, 18. maí 2020

Félagsþjónusta fyrir heyrnarlausra og CODA börn á höfuðborgarsvæðinu

Félag heyrnarlausra óskar eftir að eiga fund með forsvarsmönnum félagsþjónustunnar á stórhöfuðborgarsvæðinu til þess að félagið fái tækifæri á að koma á framfæri félagslegri stöðu heyrnarlausra og hvernig bæta mætti þá þjónustu og tryggja á sem bestan hátt.

Félag heyrnarlausra sér ekki lengur fært að bjóða upp á þá félagslegu þjónustu sem raun og veru tilheyrir velferðarkerfinu. Félagið mun engu að síður halda áfram góðu samstarfi við velferðarþjónustur sveitarfélaganna eins og verið hefur.

Tillögur félagsins er að sveitarfélögin í sameiningu komi sér upp ráðgjöf sem sniðin er að þörfum þessara einstaklinga og fjölskyldum þeirra. Grunnur að því að vel takist til er að sá starfsmaður sé táknmálstalandi og þekki bæði inniviði, menningu, samfélag og sögu heyrnarlausra vel. Sú þekking er grunnur að því að vel takist til að vinna með og þjónusta heyrnarlausra og byggja þannig upp traust sem er grundvallaratriði.

Við búum svo vel að nú þegar er starfandi hjá Reykjavíkurborg(Árbæ) félagsráðgjafi sem tilheyrir samfélaginu og þekkir bæði sögu og menningu heyrnarlausra af eigin reynslu.

En til þess að nýta mæti þá dýrmætu menntun og reynslu öllum þeim sem á þurfa að halda þurfa sveitarfélögin að sameinast og finna leið til að svo geti orðið. Myndi slík sameining bæta til muna félagslega aðstöðu heyrnarlausra og fjölskyldna þeirra. Verkefnin eru æði mörg og ekki má gleyma hóp barna og ungmenna svonefnd CODA börn, en svo nefnast heyrandi börn heyrnarlausra foreldra. Það þarf þekkingu á aðstæðum þeirra til að geta komið á mótis við þarfir þeirra og aðstoða og leiðbeina varðandi málefni þessa einstaklinga.

Til Félags heyrnarlausra hefur ítrekað verið leita og óskað eftir aðstoð varðandi málefni tengdum heyrnarlausum. Má þar nefna t.d varðandi fyrirnefnd CODA börn, barnaverndarmál, málefni heyrnarlausra hælisleitanda, fólk að erlendum uppruna sem sest hafa hér að og önnur verkefni af félagslegum toga.

Það er því mikilvægt ef þess er nokkur kostur að hægt sé að þjónusta þennan hóp á sem bestan hátt og koma á mótis við heyrnarlausra þannig að það sé fullur skilningur á stöðu og aðstæðum þeirra en til þess að svo sé hægt er mikilvægt að þjónustan sé veitt á forsendum móðurmáls þeirra, táknmáli.

Með þessu er þó ekki verið að segja að ekki hafi verið unnið að heilindum í málefnum heyrnalausra að hálfu sveitarfélaganna en samfélag heyrnalausra er einstakt og mikilvægi á skilningi og þekkingu bæði á máli og menningu þeirra sem tilheyra því samfélagi því nauðsynlegt svo vel takist til.

Mikilvægt er að sú þekking sem til staðar er nú þegar nýtist samfélaginu sem best. Heyrnarlausir búa að stærstum hluta á stórhöfuðborgarsvæðinu og gæti slík samnýting nýst ótrúlega vel og verið fjárhagslega hagstæð fyrir alla aðila en meginmálið er þó það að þarna væri verið að tryggja bestu fánlegu þjónustu fyrir þennan hóp.

Óskar því félagið eftir fund með ykkur forsvarsmönnum félagsþjónustunnar til að skoða betur möguleika á samnýtingu ráðgjafa á táknmáli á þjónustu sem heima á hjá velferðarsviði sveitarfélaga.

Bréfið er sent á eftirfarandi aðila. Sé um rangan móttakanda að ræða biðjum við vinsamlegast að bréfið verði sent á þann rétta og við upplýst hver sá aðili er. Næstu skref yrðu að kalla saman hópinn til fundar og samráðs um málefnið.

Reykjavík
Regína Ástvaldsdóttir
Aðalbjörg Traustadóttir

Kópavogur
Aðalsteinn Sigfússon

Hafnarfjörður
Rannveig Einarsdóttir

Garðabær
Bergljót Sigurbjörnsdóttir

Virðingarfyllst,
Félag heyrnalausra

Heiðís Dögg Eiríksdóttir, formaður
Daði Hreinsson, framkvæmdastjóri
Laila Margrét Arnþórsdóttir, ráðgjafi